

Fundargerð hreppsnefndar 22. maí 2014

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 22. maí 2014 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Á fundinn voru mætt Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Þórunn Egilsdóttir.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 8. maí sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 8. maí sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða, með 7 atkvæðum

2. mál. Fundargerð fræðslunefndar 13. maí sl.

Fundargerð fræðslunefndar frá 13. maí sl., lögð fram til kynningar.

3. mál. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 15. maí sl.

Lögð fram til kynningar fundargerð húsnæðisnefndar frá 15. maí sl.

4. mál. Sveitarstjórnarkosningar, kjörskrá o.fl.

Lagður fram stofn að kjörskrá fyrir Vopnafjarðarhrepp, sem unnin hefur verið af Hagstofu Íslands. Alls eru 542 á kjörskrá Vopnafjarðarhrepps fyrir sveitarstjórnarkosningar 31. maí 2014, þar af eru 284 karl og 258 konur.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum framlagða kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningar 31. maí n. k. eins og hún liggur fyrir og felur sveitarstjóra að undirrita hana.

Kjörskráin hefur legið frammi á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps frá 21. maí sl.

5. mál. Miðbær hellulagnir.

Lagðar fram teikningar, sem sýna hvernig fyrirhugað er að leggja hellur á gangstéttir og plön við Hafnarbyggð frá steyptri gangstétt utan við hótél og og inn á móts við Kaupþún.

Gerð var grein fyrir málinu og kom þar fram að hugmyndin er að byrja utan við hótél og halda inn meðfram hóteli og áfram innúr.

Hreppsnefnd samþykkir að ráðist verði í framkvæmdirnar eins fljótt og nokkur kostur er og að einmitt verði byrjað á útendanum og haldið innúr.

Sveitarstjóra falið að koma verkinu af stað.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

6. mál. Sundabúð, jafnlaunaátak, kjarasamningar- Staða mála.

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 12. maí sl., til Velferðarráðuneytisins, varðandi framlög til jafnlaunaátaks að Sundabúð. Afrit af bréfinu hafði einnig verið sent til félags hjúkrunarfræðinga og félags sjúkraliða.

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að samkomulagi við allar starfséttir sem vinna að Sundabúð. Efnislega gera þær ráð fyrir að reynt verði að semja á grundvelli þess að:

Vopnafjarðarhreppur sé tilbúinn að koma til móts við starfsfólk Sundabúðar og bjóða eingreiðslu vegna ársins 2013, sem greiðist við undirritun þessa samkomulags. Eingreiðslan miðast við 4,7% af heildarlaunum tímabilsins 1. mars til 31. desember 2013.

Þegar nýir kjarasamningar við samninganefnd sveitarfélaga liggur fyrir þá verður sambærileg greiðsla greidd fyrir árið 2014. Sú eingreiðsla reiknast af heildarlaunum tímabilsins frá 1. janúar 2014 fram að gildistöku nýrra samninga.

Ofangreint tilboð tekur til allra starfsmanna Sundabúðar. Þegar nýir kjarasamningar liggja fyrir verður starfsfólkinu síðan raðað inn í nýja kjarasamninga.

Talsverðar umræður urðu um þessi mál þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Í máli manna kom fram að hér er um talsvert miklar aukagreiðslur að ræða og samkvæmt yfirliti er ráðgert að greiðsla vegna ársins 2013 sé rétt tæpar 4.000 þús kr. og má gera ráð fyrir að greiðsla vegna ársins 2014 geti verið svipuð upphæð allt eftir því hvenær nýjir samningar taka gildi. Hreppsnefnd samþykkti samhljóða með 7 atkvæðum að fela sveitarstjóra og oddvita að ganga til samninga við viðkomandi félög á þessum nótum

7. mál. Grunnskóli, kaup á húsgögnum.

Lagt fram tilboð í húsgögn fyrir grunnskólann. Alls er hér um að ræða borð og stóla í eina stofu og hljóðar tilboðið upp á 2.042 þús. kr. með virðisaukaskatti með umsömdum afslætti. Auk þess er 3 % afsláttur til viðbótar ef greitt er við undirskrift 70 % út.

Tilboð þetta hefur verið unnið í fullu samráði við skólastjórnendur.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða að ráðist yrði í umrædd kaup og fól sveitarstjóra að ganga frá málinu í samráði við skólastjóra.

8. mál. Sundlaug í Selárdal. –Staða mála.–

Lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps frá 12. maí sl. til Umhverfissráðuneytisins, varðandi starfsleyfi fyrir sundlaugina. Jafnframt lögð fram umsögn heilbrigðisnefndar Austurlands til Umhverfissráðuneytisins, sem send var með afriti af bréfi til Umhverfissráðuneytisins dags. 20. maí sl.

Í umsögninni mælir nefndin ekki með því að starfsleyfi verði veitt af hendi ráðuneytisins á grundvelli öryggisatriða, en fagnar þeim framkvæmdum, sem þegar hafa verið gerðar.

Málið er nú til endanlegrar afgreiðslu í Umhverfissráðuneytinu. Mikilvægt er að niðurstaða fái í málið eins fljótt og kostur er. Sveitarstjóra falið að kalla eftir viðbrögðum ráðuneytisins þ.a. ljóst verði hvar sveitarfélagið stendur varðandi umbeðið leyfi. Hreppsnefnd samþykkti málsmeðferð þessa samhljóða með 7 atkvæðum.

9. mál. Samstarfssamningur, sveitarfélaga um menningarmál.

Lagt fram bréf Austurbrúar frá 13. maí sl., þar sem óskað er eftir að samstarfssamningur milli sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál sem rann út um síðastliðin áramót gildi áfram út árið 2014. Á árinu verði síðan ráðist í gerð nýs samnings sem gildi frá ársbyrjun 2015.

Hreppsnefnd samþykkir umbeðna framlengingu, enda liggja fyrir sambærilegt samþykki frá öðrum aðildar sveitarfélögum. Málsmeðferð þessi samþykkt með 7 samhljóða atkvæðum.

10. mál. Hótel Tangi. Umsögn um veitingaleyfi o.fl.

Lagt fram bréf sýslumanns á Seyðisfirði frá 13. maí sl., viðvíkjandi umsögn um rekstrar og gistileyfi að Hótel Tanga, Vopnafirði.

Svofelld tillaga var síðan lögð fram:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps sér ekkert því til fyrirstöðu að umbeðið leyfi verði veitt. Slíkt leyfi uppfyllir skilyrði um staðsetningu og opnunartíma innan sveitarfélagsins.“

Undur þessum lið var einnig gerð grein fyrir stöðu mála varðandi lagfæringar á hótelinu. Talin voru upp verkefni sem unnið hefur verið að. Í því sambandi voru þrif, málun og annað viðhald innan húss og einnig hefur verið samið um málun hússins að utanverðu og er miðað við að unnt verði að ráðast í það verkefni næstu daga. Þá eru í undirbúningi hellulagnir fyrir utan hótelið, gangstéttir og bílapan.

Nokkrar viðræður urðu undir þessum lið þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum varðandi framgöngu mála.

Að því loknu var fyrirliggjandi tillaga um rekstrar – og gistileyfi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Hreppsnefnd samþykkir einnig fyrir sitt leyti framkvæmdir sem talað hefur verið um hér að framan.

11. mál. Bréf dags. 15. maí sl., varðandi stuðning við svæðisbundna miðla.

Lagt fram bréf dags. 15. maí sl., frá fulltrúum svæðisbundinna miðla, þar sem rætt er um þungan rekstur þeirra og kallað eftir því að sveitarfélög komi að því að styðja við rekstur þeirra.

Talsverðar umræður urðu um þessi mál á fundinum og töldu fundarmenn brýnt að unnt væri að halda svæðisbundnum miðlum, eins og um er getið, gangandi hér á svæðinu.

Í þessu sambandi var talið æskilegt að sveitarfélögin á svæðinu myndu taka þetta sérstaklega upp og mynda sér stefnu í þessum málum. Slík vinna yrði einnig að fara fram í samráði við viðkomandi miðla, þar sem rætt yrði hvernig efnistöð miðlanna yrðu tekin upp.

Vopnafjarðarhreppur lýsir fullum stuðningi við það að lögð verði vinna í það að skoða hvernig rekstrargrundvöllur þessara miðla verði sem best tryggður. Í því sambandi væri æskilegt að skipa starfshóp eða fela Austurbrú að vinna málin og skila tillögum varðandi málið.

12. mál. Skýrsla stjórnar Austurbrúar frá 9. maí sl.

Lögð fram ársskýrsla Austrubruar ses. frá ársfundi félagsins sem haldinn var 9. maí sl. Í skýrslunni kemur fram að á fyrsta heila starfsárinu 2013 hefur gengið á ýmsu og reynt mikið á starfsfólkið. Nauðsynlegt er að stíga á stökk og meta hvernig starfsemin hefur gengið og hvað megi betur fara. Á grundvelli þeirrar vinnu verði starfsemin endurskoðuð og gerðar breytingar á stjórnskipulagi eftir þörfum og í því sambandi gerðar tillögur um æskilegar breytingar. Jafnframt er mikilvægt að fjármál félagsins verði tryggð, sem frekast er kostur en á ársfundinum kom fram að verulegur halli var á rekstri fyrirtækisins á árinu 2013 og búið að éta upp allt handbært fé.

Í skýrslunni kemur fram að gerður hefur verið samningur um starfslok Karls Sölvu Guðmundssonar og eru honum þökkuað störf í þágu stofnunarinnar. Í hans stað hefur verið ráðinn Jóna Árný Þórðardóttir og er henni óskað velfarnaðar í nýju starfi.

Hreppsnefnd hvetur starfsfólk og stjórn Austurbrúar til góðra verka og kallar eftir því að fulltrúar stofnunarinnar fari um svæðið og kynni starfsemina.

13. mál. Áætlunarflug Vopnafjörður- Þórshöfn-Akureyri. Undirbúningur útboðs.

Á fundi fulltrúa Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar í Innanríkisráðuneytinu, sem haldinn var 27. mars sl., var fjallað um áætlunarflug til og frá Vopnafirði og Þórshöfn. Fulltrúar sveitarfélaganna lögðu þunga áherslu á að grunnþjónusta þessi yrði til staðar og unnið yrði að framgangi útboðs á þessum flugleiðum. En ekki er áætlað fyrir þessu flugi nema fram að næstkomandi áramótum.

Í skýrslu sem unnin var um félagsfræðilega greiningu á framtíð áætlunarflugs innanlands kom fram að þessar flugleiðir eru ekki ábatasamar.

Á fundinum var óskað eftir því að ráðuneytið myndi vinna að og undirbúa útboðsgögn í þessu sambandi og reynt yrði að tryggja flug til þessara staða til framtíðar. Fluglið er eini almenningsamgöngumátinn til og frá Vopnafirði og skiptir því sköpum hvort flugið er eða fer.

Nú liggur fyrir að áætlað er að bjóða þessar flugleiðir út og velt upp spurningum hvort heimamenn hafi einhverjar sértækar

tillögur fram að færa í því sambandi.

“ Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps lýsir yfir ánægju með það að áætlað er að bjóða út áætlunarflug til og frá Vopnafirði. Grunnþjónusta af þessum toga er nauðsynlegur þjónustubáttur í því að gera gott samfélag enn betra. Í því sambandi er bent á almennt farþegaflug, fragt og þjónustu við atvinnufyrirtæki. Jafnframt gegnir starfsemi af þessum toga stóru hlutverki í öryggisþjónustu, sjúkraflugi og almennri þjónustu við þá sem þurfa að leita sér þjónustu lækna fjarri heimabyggð.

Að öðru leyti snúa ábendingar Vopnafirðinga að því að áætlunarflug verði eigi sjaldnar en það er í dag eða 5 daga vikunnar. Æskilegt væri að hafa möguleika á því að breyta tímum áætlunarflugsins. Gera t. d. tilraunir með að fljúga seinniparta á föstudögum frá Vopnafirði þannig að unnt væri að nýta flugið vegna helgarferða að vinnudegi loknum á föstudögum. Jafnframt er mikilvægt að finna leiðir til þess að vinna með aðilum að því að koma á einhvers konar pakkaverðum eða áksrífarkortum og búa þannig til hvata í að fjölga farþegum í almennu farþegaflugi.

Teljum einnig að hugsanlega mætti bjóða sérstaklega í flugið á þeim nótum að beint flug væri til Reykjavíkur 1-2 daga í viku. Slík ósk í útboði má þó ekki trufla tilboð í flugið eins og það í dag.

Því væri sennilega æskilegt að óska eftir tilboðum á tvo vegu án þess að það truflaði hvora aðferðina sem boðið væri í. Annars vegar miðað við flugið eins og það er og hins vegar miðað við kostinn þar sem boðið væri upp á beint flug til Reykjavíkur 1-2 daga.

Fundarmenn ræddu síðan um framtíð áætlunarflugsins og hvernig best væri að koma því fyrir til framtíðar. Allir voru fundarmenn sammála um að algerlega nauðsynlegt væri að tryggja þennan samgöngumáta sem er einn af grunnþáttum í þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki, enda flugvöllurinn í svokölluðu grunnneti samgangna.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða með 7 atkvæðum að koma þessum stjórnarmiðum á framfæri við Innanríkisráðuneytið og óska eftir því að tryggt yrði að áætlunarflug til og frá Vopnafirði yrði til staðar.

14. mál. Stórskiphöfn í Finnafirði. Undirritun samninga við Bremenports. Lagður fram samningur um Finnafjarðarverkefnið milli annars vegar Vopnafjarðarhrepps, Langanesbyggðar og Eflu og hins vegar Bremenports. Samningurinn var undirritaður 20. maí sl. í ráðherrabústaðnum að viðstöddum fulltrúum allra aðila og forsætisráðherra og iðnaðarráðherra. Gerð var grein fyrir efni samningsins og hvernig framvinda mála væri áætluð.

Hreppsnefnd fagnar því að samningur af þessum toga hafi séð dagsins ljós og telur að hér sé um að ræða stóran áfanga í því að skapa atvinnumöguleika til framtíðar á svæði sveitarfélaganna og á Íslandi öllu.

15. Bréf dags. 14. maí sl. frá fulltrúa menningar og ferðamála varðandi tjaldstæðismál. Lagt fram bréf frá fulltrúa menningar og ferðamála dags. 14. maí sl., varðandi lausnir í tjaldstæðismálum og þjónustu við ferðamenn. Í bréfinu er greint frá tillögum til úrbóta og óskað eftir að þær verði skoðaðar og komið í framkvæmd. Grófar hugmyndir eru settar fram um kostnað við framkvæmdina. Hreppsnefnd telur hugmyndirnar allrar athygli verðar og geta bætt til muna þjónustu við ferðafólk sem vill nýta tjaldstæðisþjónustu í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd samþykkir að skoða hugmyndirnar nánar og láta meta hvort skynsamlegt er að ráðast í þessar framkvæmdir að hluta að teknu tilliti til kostnaðar og aukinnar þjónustu. Oddvita, sveitarstjóra, fulltrúa menningararfs og ferðamála ásamt forstöðumanni áhaldahúss falið að vinna tillögur í málinu.

16. Útstreymisbókhald urðunarstaðar á Búðaröxl, drög að bréfi til Umhverfisstofnunar. Lögð fram drög að bréfi Vopnafjarðarhrepps, þar sem leitast er við að svara spurningum sem nauðsynlegt er að svara vegna breytinga í lið 4.2 í I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs sbr. reglugerð nr. 294/2014. Í 2. gr. reglugerðar nr. 294/2014 er farið yfir þessi atriði. Í bréfi Vopnafjarðarhrepps er því svarað að ekki standi til að leggja niður urðunarstaðinn við Búðaröxl og óskað eftir undanþágu frá söfnun metangass á grundvelli þess að staðurinn sé lítil urðunarstaður bæði með tilliti til magns sorps og einnig metangassmyndunar. Staðurinn sé langt innan þeirra marka sem upp eru sett í lið 4.2.4, sem skilyrði fyrir söfnun metangass. Hreppsnefnd samþykkir þau rök sem fram koma í drögum að bréfi til Umhverfisstofnunar um þessi mál og felur sveitarstjóra að senda svarið inn til Umhverfisstofnunar. Málsmæðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

17. mál. Ásbræður frágangur samninga um uppkaup lóða við Sjávarbyggð. Lagðir fram lóðarleigusamningar yfir Sjávarbyggð 13 og 15, sem eru til samræmis við samninga um uppkaup eigna og lóða að öðru leyti á svæði Ásbræðra við og umhverfis Ásbryggju. Í samkomulaginu er við það miðað að Vopnafjarðarhreppur kaupir, Ásbryggju, svokallað söltunarahús og lóðarréttindi, sem talið er að Ásbræður hafi á hendi að öðruleyti á svæðinu til að mynda á svokölluðu Ólafs Davíðssonar túni. Fyrir þetta greiðir Vopnafjarðarhreppur 17.250 þús. kr. á 3 árum, fyrsta greiðsla er á árinu 2014. Á móti taki seljandi við réttindum og skyldum lóða og mannvirkja eins og þeim er lýst í framangreindum lóðarleigusamningum og kaupandi við slíkum kvöðum af því sem keypt er. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða með 7 atkvæðum fyrir liggjandi lóðarleigusamninga umgetinna lóða eins og þeir liggja fyrir fundinum og felur sveitarstjóra að ganga frá undirskrift þeirra og koma þeim í þinglýsingu.

Jafnframt er sveitarstjóra falið að ganga frá kaupsamningi/afsali, um gerninginn í heild, þar sem tekið verður meðal annars á umferðarrétti aðila um svæðið og því að Söltunarahús sé keypt til niðurrifs. Seljendur hafi þó heimild til þess að hafa húsið á hendi til áramóta nk., á meðan þeir eru að losa það. Skjali þessu skal og komið til þinglýsingar.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

18. mál. Styrkir til framboða til sveitarstjórnarkosninga.

Undir þessum málslið var farið yfir styrki til stjórnálagssamtaka sem bjóða fram á Vopnafirði við sveitarstjórnarkosningar 31. maí 2014.

Hreppsnefnd samþykkir að styrkur til stjórnálagssamtaka, sem bóða fram sé 130 þús. kr. á hvern aðila.

19. mál. Þóknun sveitarstjórnarmanna.

Með samþykki allra fundarmanna var samþykkt að taka þennan lið á dagskrá þó hann hefði ekki verið í auglýstri dagskrá.

Gerð var grein fyrir málinu og síðan lögð fram svofelld tillaga: "Frá 1. júní 2014 verði þóknun sveitarstjórnarmanna vegna starfa í sveitarstjórn 8 % af þingfararkaupi og oddviti fái 16 %."

Að umræðum loknum var gengið til atkvæða um fyrirbyggjandi tillögu og var hún samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

20. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð Brunavarna á Austurlandi frá 7. maí sl.

Lögð fram til kynningar

b) Svarbréf Atvinnu –og nýsköpunarráðuneytis dags. 22. apríl sl., varðandi styrk.

Lagt fram til kynningar

c) Fundargerð stjórnar SSA frá 6. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira Ekki gert og fundi slitið kl.

18.25